

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	HTL 404 Kennsluáætlun vor 2015	

Kennarar: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Þriðjudaga 12:50-13:30

Sveina Björk Jóhannesdóttir, SBJ, sveina@vma.is

Miðvikudaga 10:55-11:25

Áfangalýsing

Haldið er áfram frá fyrri áfanga HTL 206 í meðferð lita og annarra efna á tau. Lögð verður áhersla á áferð efna og yfirborðshönnun þeirra. Farið verður í frjálsa útsaumstækni, bæði í höndum og í vél. Farið verður í hugmynda- og skissuvinnu fyrir bútaum og kennd undirstöðuatriði hans. Nemendur vinna allar prufur áfangans í tengslum við grunn-hugmynd. Nemendur vinna hugmynda- og prufumöppu/skissubók ásamt dagbók/greinagerð yfir vinnu sína í áfanganum. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð.

Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist og þrói með sér ýmsar aðferðir við að gera áferð á efni.
- þjálfist í samsetningu efnis og garns/tvinna.
- fái þjálfun í ýmsum tækniatriðum í frjálsum útsaum í höndum og á saumavél.
- læri frjálsan og óhefðbundin bútaum á hagnýtan og listrænan hátt.
- læri að nota skurðarstiku, skurðarmottu, skurðarhníf og fleira.
- nýti sér upplýsingamiðla í vinnu sinni.
- noti á skapandi hátt liti, form og munstur í eigin hönnun.
- geti þróað hugmyndir sínar með skissuvinnu og tilraunum og yfirfært þær í efni.
- geti skipulagt vinnu sína og rökstutt val á hráefni og vinnuaðferðum.
- tileinki sér vinnuhagræðingu og noti nýjustu tækni og aðferðir.
- tileinki sér frumleika og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Skipulag annarinnar

Litun efna, bútaumsaðferðir, vélútsaumur, handútsaumur, hugmyndavinna skissur, tilraunir og sjálfstæð vinna.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt alla önnina til að ná settum markmiðum og árangri.

Námsgögn

Ýmsar textílfagbækur.

Tísku og híbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framvegis.

Myndbönd með skissuvinnu fyrir útsaum, hugmyndavinnu fyrir bútaum og útsaum.

Það sem þarf að eiga

Nemendur þurfa að eiga góða skissubók, dagbók, möppu fyrir glósur og uppskriftir (má vera sama og í HTL 206), kassa undir prufur, blýanta, pappírsskæri, pappírslím og ritgerðarspjöld á prufur svo eitthvað sé nefnt!

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	HTL 404	
	Kennsluáætlun vor 2015	

Námsmat:

Próflaus áfangi, 100% mætingarskylda.

Kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat.

-Öll verkefni nemenda eru metin. Tekið er tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna og valds á efnum og aðferðum.

-Vinnulag eða ferlisvinna er metin. Tekið er tillit til hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, áhuga, opins hugar, hugvitssemi, nýtingu fyrirmynda, rannsóknar og ígrundunar.

Litun, yfirborðsáferð	15 %
Handútsaumur	10 %
Vélútsaumur	15 %
Bútsaumur	20 %
Lokastykki - hugmynd, þróunarvinna, verk og frágangur	15 %
Vinnulag	15 %
Glósur, skissur, hugmyndavinna, dagbók	10 %

Með fyrirvara um breytingar

Gangi ykkur vel

Verkefni nemenda eru geymd í eitt ár eftir sýnidag prófa.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils